

Skólaráðsfundur

6. nóvember 2025 kl. 8:15

Mættir: Hilmar Egill Sveinbjörnsson skólastjóri, Kristín Hulda Halldórsdóttir og Jóhanna Lovísa Jóhannsdóttir fulltrúar kennara, Kristín Eva Harðardóttir fulltrúi foreldra, Erla Ösp Ísaksdóttir fulltrúi almennra starfsmanna, Særún Jónsdóttir fulltrúi grenndarsamfélags og Sigurrós Eva Sverrisdóttir fulltrúi nemenda.

1. Kynning nýrra fulltrúa í skólaráði

Nýir fulltrúar í skólaráði boðnir velkomnir.

2. Starfsáætlun Skólaráðs kynnt

Skólastjóri fór yfir starfsáætlun skólaráðs fyrir skólaárið. Búið er að setja niður fundi yfir skólaárið með dagskrá sem kveðið er á um í aðalnámskrá grunnskóla. Fundarmenn fengu afhenta starfsáætlun skólaráðs.

3. Skipulag skólaársins

Farið stuttlega yfir skóladagatal, nemendafjölda, húsnæðismál og þá brýna þörf fyrir meira rými og aðstöðu í sífellt meira krefjandi skólaumhverfi. Áskoranir skólaársins eru að bregðast við auknum fjölda nemenda sem kann að verða í stækkandi sveitarfélagi.

4. Umhverfisstefna skólans

Skólinn hefur sett meiri þunga í umhverfismál og umhverfismennt. Skólinn vinnur með umhverfismálin í gegnum UNESCO, Grænfána og Erasmus+. UNESCO er unnið með á yngsta stigi, Grænfána á miðstigi og Erasmus+ á unglingastigi. Þessi umhverfisnálgun er komin í námskrá og stundatöflur hjá nemendum. Þetta er nýjung í Stóru-Vogaskóla og verður umhverfisstefna skólans uppfærð í vetur með þessa nálgun í huga. Veggir í skólanum eru fráteknir fyrir afrakstur þessarar vinnu.

5. Tónlistarskóli

Farið yfir eitt og annað er viðkemur tónlistarskólanum, aðstöðu, fjölda nemenda, stöðugildi o.fl. Rætt um þörfina á því að stækka tónlistarskóla og auka þannig við tónlistarlíf í sveitarfélaginu, m.a. kórastarf.

6. Önnur mál

- Lestrarvinir – eldri borgarar koma senn í skólann og lesa með yngstu börnum.
- Viðburðadagatal – tekið uppfrá síðasta skólaári, mikilvægi miðlægs viðburðadagatals í sveitarfélaginu.
- Umferðaröryggismál – áhyggjur af gatnamótum Vogagerðis/Tjarnargötu/Ægisgötu gagnvart börnum á leið í skólann á morgnana. Gangbrautir, gangbrautarlýsing, sýnileiki o.fl. Sömuleiðis rætt um of hraða umferð víða í Vogunum og þá sérstaklega um Stapaveg.

Fundi slitið kl. 9:20

Fundarstjórn og fundarritun: Hilmar Egill